



Borgarráð

***Brautarholt 26-28, tilkynning um samkomulag vegna uppbyggingar***

Á fundi borgarráðs 15. apríl sl. var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 12. apríl 2021, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki drög að samkomulagi vegna uppbyggingar á Brautarholti 26-28, ásamt fylgiskjölum. Erindið var samþykkt á fundinum.

Í greinargerð með erindinu kom fram að forsendur til þess að ganga til samninga við lóðarhafa vegna uppbyggingar á grundvelli samningsmarkmiða Reykjavíkurborgar á uppbyggingarsvæðum væru að viðkomandi lóðarhafi hafi hug á að auka við byggingarmagn og/eða íbúðir á viðkomandi lóð. Í ljós kom að á lóðinni voru þegar til staðar heimildir samkvæmt gildandi deiliskipulagi fyrir þeim fjölda íbúða sem óskað var eftir.

Ekki verður því af samkomulagi samkvæmt þeim drögum sem samþykkt voru í borgarráði 15. apríl sl. Lóðarhafi hefur ákveðið að selja nokkrar íbúðir til Félagsbústaða og láta eftir lóðarskika til Reykjavíkurborgar.

Tilkynnist borgarráði það hér með.

Hrefna Þórsdóttir  
skrifstofa borgarstjóra og borgarritara